

Ed.

63. Frumvarp

til laga um fiskiræktarfelög.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa i sama fiskiverfi, að gera með sjer fjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskiverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvortveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggir og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfelag við fiskiverfi, sem veiði er i, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða gæti verið stunduð i því fiskiverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga i almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þáttöku þá er fjelag hefir stofnað verið.

Pegar stofna á fiskiræktarfelag við fiskiverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskiverfinu.

Nú á fjelag land að fiskiverfi eða veiðirjett i því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið i fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan tund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykta fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi i för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skyllt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþyktina ræður afl atkvæða.

Í samþykkt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.

7. Sektir fyrir brot á samþykkt fjelags.
8. Hvernig samþykkt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykkt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykkt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykkt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykkt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á fjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast fjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sen leiguliði er fjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur fjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist fjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfjelag starfar við, en utan fjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast fjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að fjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja fjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun fjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö fjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna í hverju fjelagi samþykkja, enda mæli vatnalíf-ræðingur með því. Skal þá stofna eitt fjelag, er nái yfir svæði beggja fjelaganna eða allra, og fer nm stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld fjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykkt fjelags má ákveða, að brot á samþykkt varði alt að 200 króna sekt, er renni í fjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykkt fjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.